

Fundur í fjallskilanefnd Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki, fimmtudaginn 15. ágúst 2024 kl. 16:00.

Mætt eru: Guðný Linda Gísladóttir, Halldór K. Jónsson, Gunnar Guðbjartsson, Jón Oddsson og Sigurbjörg Ottesen, sem að ritaði fundargerðina.

Halldór K. Jónsson formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Tilhögun fjallskila.

Eftirfarandi var ákveðið á grundvelli fjárfjölda í hreppnum. Fjallskilaskildar eru 1494 kindur, eða rúmlega 38 fullorðnar kindur á bak við dagsverkið. Einungis eru lögð á dagsverk vegna útréttu, réttaviðgerða og eyði eða búlausra jarða sem eiga fjallendi. Lagt er 1 dagswerk á eigendur slíkra jarða en önnur dagswerk lögð á fjáreigendur sem eiga fé sitt á fjalli. Ábúendur jarða skulu að öðru leiti smala sín heimalönd og koma óskilafé í tæka tíð til réttar eða í safngirðingar.

Því er treyst að landeigendur/ábúendur leysi ofangreind verk vel og samviskusamlega af hendi og stuðli þannig að því að fé komist í hendur réttra eigenda. Inni menn ekki fjallskil af hendi greiði þeir kr. 25.000,- fyrir dagsverkið.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi var slitið kl. 16:30 . Fundargerð upplesin og undirrituð.

The image shows four handwritten signatures in black ink on white paper. The first signature, at the top, reads 'Halldór K. Jónsson'. Below it is 'Guðný Linda Gísladóttir'. To the right of those is 'Jón Oddsson'. At the bottom right is 'Gunnar Guðbjartsson'.